



### 3. FUNDUR Í SVEITARSTJÓRN BLÖNDUÓSBÆJAR

Dagsetning: 14. október 2014, kl. 17:00

---

Sveitarstjórn Blönduósbæjar kom saman til 3. fundar þriðjudaginn 14. október 2014 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti sveitarstjórnar, Valgarður Hilmarsson, setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Auðunn Sigurðsson. Undirritaðir sátu fundinn.

#### Dagskrá:

##### 1. Fundargerðir:

- a) *Byggðaráðs frá 29. september 2014*
- b) *Byggðaráðs frá 7. október 2014*
- c) *Menningar-, tómstunda- og íþróttanefndar frá 17. september 2014*
- d) *Menningar-, tómstunda- og íþróttanefndar frá 30. september 2014*
- e) *Menningar-, tómstunda- og íþróttanefndar frá 7. október 2014*

##### 2. Skýrsla sveitarstjóra

#### Afgreiðslur:

##### 1. Fundargerðir

###### a) *Byggðaráð frá 29. september 2014*

Fundargerðin er í 8 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Miklar umræður urðu um fundargerðina. Liður 3 í fundargerðinni borinn sérstaklega undir atkvæði og samþykktur með 6 atkvæðum samhljóða. Oddný María Gunnarsdóttir situr hjá þar sem ekki liggur fyrir viðauki við fjárhagsáætlun 2014. Að umræðum loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

###### b) *Byggðaráð frá 7. október 2014*

Fundargerðin er í 2 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðin gefur ekki tilefni til ályktunar.

###### c) *Menningar-, tómstunda- og íþróttanefndar frá 17. september 2014*

Fundargerðin er í 4 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Engar umræður urðu um fundargerðina og var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.



**d) Menningar-, tómstunda- og íþróttanefndar frá 30. september 2014**

Fundargerðin er í 2 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Engar umræður urðu um fundargerðina og var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

**e) Menningar-, tómstunda- og íþróttanefndar frá 7. október 2014**

Fundargerðin er í 4 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Engar umræður urðu um fundargerðina og var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

## 2. Skýrsla sveitarstjóra

Arnar Þór Sævarsson, sveitarstjóri, fór yfir ýmis mál í sveitarfélaginu og má lesa skýrslu sveitarstjóra á heimasíðu sveitarfélagsins á næstu dögum.

Fundargerðin upplesin og samþykkt með 7 atkvæðum. Fundi slitið kl. 17:50.

Valgarður Himarsson, forseti (sign.)  
Zophonías Ari Lárusson (sign.)  
Guðmundur Haukur Jakobsson (sign.)  
Anna Margrét Jónsdóttir (sign.)  
Oddný María Gunnarsdóttir (sign.)  
Hörður Ríkharðsson (sign.)  
Sindri Páll Bjarnason (sign.)  
Arnar Þór Sævarsson (sign.)

Auðunn Sigurðsson, ritari (sign.)